



# Hvítarinnlögn

Hjá HSU í Vestmannaeyjum eru hvítarinnlagnarrými á sjúkradeild og á Hraunbúðum. Þó að nafnið beri til kynna að um hvíld sé að ræða er mikilvægt að viðkomandi sé virkur þann tíma sem hann er inni og taki þátt í þeim æfingum og iðju sem í boði er

## Markmið

Með hvítarinnlögn er átt við tímabundna dvöl í hjúkrunarrými. Samþykki fyrir dvöl getur verið allt að átta vikum sem hægt er að dreifa yfir árstímabil. Algengast er þó að dvölin vari í 1-2 vikur í senn. Markmiðið með hvítarinnlögn er að gera fólki kleift að búa áfram á eigin heimili. Dvölin er án kostnaðar fyrir einstaklinginn. Jafnframt getur hvítarinnlögn verið þegar nákominn einstaklingur sem stutt hefur viðkomandi þarfnast hvíldar eða forfallast skyndilega.

## Hvernig er sótt um ?

Sótt er um hvítarinnlögn hjá Færni-og heilsumatsnefnd Suðurlands á eyðublöðum sem finna má hér [island.is/s/landlaeknir/eydubloed](http://island.is/s/landlaeknir/eydubloed) Hægt er að fá aðstoð hjá heilbrigðisstarfsmanni til að sækja um. Ef einstaklingur er þegar kominn með færni- og heilsumat um þörf fyrir dvöl í hjúkrunareða dvalarrými en hefur ekki enn fengið dvöl á slíku heimili getur fagfólk á hverjum stað tekið ákvörðun um hvítarinnlögn án þess að sú ákvörðun fari sérstaklega fyrir færni- og heilsumatsnefnd

## Hvernig veit ég hvenær er komið að dvöl ?

Deildarstjórar á viðkomandi stofnun sjá um að raða inn í hvítarinnlagnir og hafa samband þegar ljóst er að hægt er að taka viðkomandi inn. Einnig er hægt að koma óskum um tímasetningar á framfæri til þeirra þó ekki sé hægt að tryggja að allir fá dvöl á þeim tíma sem þeir óska sér. Forsenda þess að hægt sé að taka inn í hvítarinnlögn er að viðkomandi hafi fengið jákvæða niðurstöðu um dvöl hjá færni-og heilsumatsnefnd.

## Hvað þarf að taka með ?

- Lyf og lyfjarúllu. Öll lyf sem notuð eru heima
- Hjálpartæki sem notuð eru heima s.s hjólastól eða göngugrind
- Föt til skiptanna, náttföt, nærföt, inniskó og hlýja peysu. (Á Hraunbúðum er hægt að óska eftir að þvottur sé þveginn á staðnum en annars þurfa aðstandendur að taka þvottinn heim)
- Öll föt þurfa að vera merkt t.d með fatatúss eða merkimiðum
- Snyrtivörur s.s sjampó, tannkrem, rakvél, raksápu og rakakrem
- Afþreyingarefni að vild s.s bækur og handavinnu

## Hvað er gott að muna ?

- Muna að láta aðra þjónustuaðila vita af hvítarinnlögninni ef við á s.s heimahjúkrun, stuðningsþjónustu og dagdvöl
- Gott er að aðstandendur kynni sér heimsóknartíma í upphafi dvalar
- Símanúmer á sjúkradeild er 4322000/4322600 og á Hraunbúðum 4322650
- Muna að njóta dvalarinnar 😊